



## Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom 22. mars 2021 kl. 18:00

**Mætt:** Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Halldór Hauksson (HH), Baldvin Hansson (BH), Aðalsteinn Símonarson (AS), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Árni Gunnlaugsson (ÁG),

**Fjarverandi:** Fylkir Jónsson (FJ), Aron Steinn Guðmundsson (ASG), Einar Gunnlaugsson (EG), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS)

BH ritaði fundargerð.

### 1. Stjórn skiptir með sér verkum

Formaður leggur til að Baldvin verði varaformaður, Árni gjaldkeri og Hanna Rún ritari. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Formaður leggur til fyrirkomulag varðandi varamenn sem yrði með þeim hætti að Aðalsteinn yrði fyrsti varamaður, Einar annar varamaður og Aron Steinn þriðji varamaður. Tillagan er samþykkt samhljóða.

### 2. Skipulag funda stjórnar

Formaður leggur til að stjórn fundi fyrsta og þriðja þriðjudag í hverjum mánuði klukkan 19:30. Að jafnaði er stefnt á fjarfundi en miða við að hægt verði að taka raunfund kalli aðstæður á það. Tillagan er samþykkt.

### 3. Skírteini fyrir næstkomandi keppnistímabil

Lagt til að AKÍS gefi út rafræn skírteini til þeirra aðila sem rétt eiga til aðgengis á viðburði eða hafa lokið við námskeið eða vottun af öðru tagi. Þetta fyrirkomulag verði prófað fyrir keppnistímabilið 2021.

**STJÓRN AKÍS**  
AÐGANGSHEIMILD Á AKSTURSÍÞRÓTTAVIÐBURÐI

GILDIR ÚT DES. 2021



**HELGA KATRÍN STEFÁNSDÓTTIR**  
FORMADUR



Notkun þessara skírteina er háð skilmálum sem handhaft samþykkt við stöfu þessa. Skírteini eru eign AKÍS og er hverjum þeim sem starfar við viðburð sem fellur undir Reglubók FIA skytt að tilkynna AKÍS strax í kjölfar viðburðar, minnsti handhaft þau!





Tillagan er samþykkt.

#### 4. Námskeið

Nú þegar liggja fyrir eftirtalin námskeið:

- Námskeið fyrir keppnishaldara verður haldið fimmtudaginn 25. mars kl. 20:00.
- Námskeið fyrir dómnefndamenn og keppnisstjóra verður tveir dagar, fyrri hluti laugardaginn 10. apríl og síðari hluti mánudaginn 12. apríl.
- Námskeið fyrir öryggisfulltrúa verða í boði annars vegar laugardaginn 17. apríl kl. 10:00 og hins vegar mánudaginn 10. maí kl. 18:00.

Tryggt verður að fyrir skráningu sé kynnt hve löng námskeiðin verða.

#### 5. Önnur mál

Þar sem breytingar hafa orðið á reglum um skipan í keppnisráð verður vakin athygli á nýju fyrirkomulagi sérstaklega við öll aðildarfélög.

Næsti fundur 6. apríl kl. 19:30.

**Fundi slitið kl. 20:43**